

# **Skýrsla**

**nefndar um reynslulausn**

**Reykjavík 26. febrúar 2004**

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Þróun lagaákvæða um reynslulausn.....	3
3. Norrænt samstarf um reynslulausn.....	7
4. Norræn löggjöf.....	7
A. Danmörk .....	7
B. Finnland.....	9
C. Noregur .....	10
D. Svíþjóð.....	11
5. Gildandi ákvæði um reynslulausn.....	12
6. Meðferð beiðna um reynslulausn.....	14
7. Eftirlit með þeim sem eru á reynslulausn.....	15
8. Tölulegar upplýsingar.....	17
9. Niðurstöður nefndarinnar.....	18

## **1. INNGANGUR**

Hinn 13. mars 2003 samþykkti Alþingi þingsályktun um reynslulausn. Þar segir: „Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd til að kanna og gera úttekt á veitingu reynslulausnar skv. 40. – 42. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Kannað verði m.a. hversu algengt er að beita því úrræði, hvernig háttað er eftirliti með því að skilyrði reynslulausnar séu haldin og hversu mörg brot eru framin af einstaklingum á reynslulausn. Jafnframt verði sérstaklega kannað hvort ástæða sé til þess að breyta framkvæmd reynslulausnar á þann veg að það verði hlutverk dómara að ákveða hvort fangi skuli látinn laus til reynslu í stað Fangelsismálastofnunar ríkisins, sbr. 1. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga.”

Hinn 6. október 2003 skipaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið nefnd til að kanna og gera úttekt á veitingu reynslulausnar í samræmi við framangreinda þingsályktun. Í nefndina voru skipuð: Sigríður J. Friðjónsdóttir, saksóknari við embætti ríkissaksóknara, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, Jónas Jóhannsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness, Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands og Þorsteinn A. Jónsson, forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins. Jóni Þór Ólasyni, lögfræðingi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu var síðar falið að vera ritari nefndarinnar.

Nefndin hélt 9. fundi.

## **2. ÞRÓUN LAGAÁKVÆÐA UM REYNSLULAUSN**

Ákvæði um reynslulausn voru fyrst lögfest hér á landi með setningu almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Samkvæmt 40. gr. laganna var dómsmálaráðherra heimilt að veita reynslulausn þegar 2/3 hlutar refsitímans voru liðnir en þó minnst 8 mánuðir. Reynslulausn mátti því aðeins veita að líklegt væri að fanginn hefði séð að sér, að honum væri vís hentugur samastaður og vinna eða önnur kjör sem nægðu honum til lífsuppeldis og að hann féllist á skilyrði reynslulausnar. Þeim sem veitt var reynslulausn var skylt að sæta eftirliti. Auk þess átti jafnan að setja þau skilyrði að fanginn lifði reglusömu lífi og gerðist ekki á ný sekur um refsiverðan verknað og hegðaði sér í samræmi við fyrirmæli þess sem sinnti eftirliti. Í athugasemdum með frumvarpi að almennum hegningarlögum sagði að ákvæðin um reynslulausn væru nýmæli í íslenskum hegningarrétti og að það hefði oft borið við að nokkur hluti refsingar hefði verið felldur niður með náðun, en í stað þess að fara þá leið þætti hentara að veita föngum lausn úr refsivist til reynslu.

Framangreind tímaskilyrði reynslulausnar verður að telja mjög þröng þar sem ekki var unnt að veita reynslulausn af skemmri refsingum en eins árs refsivist. Þessi þröngu skilyrði urðu til þess að reynslulausn var ekki notuð til að veita föngum skilorðsbundna eftirgjöf refsingar að hluta, heldur var haldið áfram að veita náðun í þessum tilgangi. Hélt þetta fyrirkomulag óbreytt allt fram á seinni hluta ársins 1976.

Ákvæðin um reynslulausn í hegningarlögunum nr. 19/1940 áttu rót sína að rekja til þeirra straumhvarfa sem urðu í þróun refsiréttar á síðari hluta 19. aldar. Reynslulausn úr refsivist er talin eiga upptök sín í enskri og amerískri réttarvenju og síðar löggjöf frá 19. öld. Á meginlandi Evrópu gætti þegar á 18. öld sjónarmiða um refsifullnustu, sem sverja sig í ætt við reynslulausn, en löggjöf þar og m.a. á Norðurlöndum hefur í ríkum mæli verið reist á enskum og amerískum fyrirmyndum. Reynslulausn á meginlandi Evrópu og Norðurlöndum hefur þróast á grundvelli venja, sem mótast hafa um náðanir en einnig eru veruleg sakfræðileg tengsl talin vera milli skilorðsbundinna ákærufrestana og skilorðsdóma annars vegar og reynslulausnar hins vegar, en öll þessi úrræði flokkast undir refsigæslu utan stofnana.

Samkvæmt upphaflegri 1. mgr. 42. gr. hgl. var reynslutími til loka refsitímans, en gat þó aldrei orðið skemmri en tvö ár. Refsingu taldist vera fullnægt í lok reynslutímans. Með lögum nr. 31/1961 var ákvæði þessu breytt á þann veg að reynslutíma mætti ákveða allt að tveimur árum, en þó ekki lengri en til loka refsitíma. Meginástæður framangreindrar breytingar voru þær, að ekki þótti réttlátt að reynslutími gæti náð langt út fyrir lok refsitíma þar sem ýmsir frestir og reglur voru miðaðar við lok reynslutíma.

Með lögum nr. 16/1976 voru ákvæði almennra hegningarlaga um reynslulausn endurskoðuð í heild. Helstu breytingarnar voru þær að lágmarkstími sá sem fangi þurfti að hafa afplánað áður en hann fengi reynslulausn var lækkaður úr átta mánuðum niður í þrjá mánuði. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir fjögurra mánaða lágmarki en allsherjarnefnd Alþingis lagði til að farið yrði að fordæmi finnska ríkisþingsins og lágmarksafplánunartími yrði stytur úr fjórum mánuðum í þrjá mánuði og var það samþykkt. Reynslutíminn var ákveðinn allt að þremur árum. Ef refsivist sem eftir stóð var lengri en þrjú ár mátti ákveða reynslutíma allt að fimm árum. Þá voru þau nýmæli í lögunum að veita mátti reynslulausn eftir að fangi hafði afplánað helming refsitímans, ef sérstaklega stóð á, og var þessi heimild ekki bundin við neinn lágmarkstíma. Auk þess voru fyllri ákvæði um hvernig bregðast skyldi við ef dómþoli ryfi þau skilyrði, sem honum voru sett við reynslulausn.

Í lagabreytingunni árið 1976 fólst einnig mun hagstæðari regla fyrir dómþola varðandi það hvenær refsingu telst fullnægt þegar reynslulausn er veitt. Áður var

miðað við lok reynslutímabilsins, en samkvæmt ofangreindum lögum var miðað við það tímamark, er dómþoli fékk reynslulausn ef ekki var tekin ákvörðun um að hann tæki út refsivist fyrir lok reynslutímabils.

Næst var ákvæðum hegningarlagna um reynslulausn breytt með lögum nr. 42/1985. Gerðar voru þrjár breytingar. Í fyrsta lagi var 1. mgr. 40. gr. breytt með þeim hætti að lágmarksafplánunartími fyrir þá sem fengu reynslulausn að loknum 2/3 hlutum refsítímans var lækkaður úr þremur mánuðum í tvo. Með þessari breytingu var ákvæðið samræmt sambærilegum ákvæðum á Norðurlöndum, auk þess sem stuðlað var að auknu notagildi ákvæðisins og dregið úr notkun undantekningarreglunnar í 2. mgr. 40. gr. um veitingu reynslulausnar þegar liðinn var helmingur refsítímans. Í öðru lagi var sett inn ný málsgrein á eftir 2. mgr. 40. gr. hgl. þar sem sagði að reynslulausn yrði eigi veitt ef eftirstöðvar refsítímans væru skemmri en 30 dagar. Þessi breyting hafði það í för með sér, að ekki var veitt helmingslausn til reynslu á skemmri dómum en tveggja mánaða fangelsi. Var þessi breyting einnig í samræmi við samsvarandi ákvæði í hegningarlögum hinna Norðurlandanna og enn fremur þótti óeðlilegt að veita reynslulausn af styttri dómum en tveggja mánaða refsivist. Í þriðja lagi var gerð breyting á 4. mgr. 42. gr. á þann veg að fyrri reynslutími kom ekki til frádráttar við síðari reynslulausn, nema dómþoli hefði ekki framið nýtt afbrot heldur rofið önnur skilyrði og því væri í reynd um reynslulausn vegna sama dómsins að ræða.

Með lögum nr. 24/1999 voru gerðar fjórar breytingar á ákvæðum 40. gr. hgl. um reynslulausn. Í fyrsta lagi var ákveðið að Fangelsismálastofnun ríkisins veiti fanga reynslulausn, en áður var það á hendi dómsmálaráðherra eða annars stjórnvalds sem hann fól meðferð þeirra mála. Ekki var þó um breytingu að ræða frá gildandi framkvæmd, þar sem ráðherra hafði falið Fangelsismálastofnun vald þetta, sbr. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar um fullnustu refsídóma nr. 29/1993. Sama gilti um ákvarðanir skv. 1. mgr. 41. gr. laganna.

Í öðru lagi var felld niður ákvæðið frá árinu 1985 um að reynslulausn yrði ekki veitt ef eftirstöðvar refsítímans væru skemmri en 30 dagar. Rakið er í athugasemdum með frumvarpi að framangreindri lagabreytingu, að varðhaldsrefsing hafi verið afnumin með lögum nr. 82/1998, þannig að refsivist verði ekki dæmd í skemmri tíma en 30 daga fangelsi, sbr. 34. gr. hgl. Fyrir gildistöku laganna frá 1998 hafi hins vegar verið unnt að dæma í varðhaldsrefsingu í skemmri tíma eða allt niður í fimm daga. Í kjölfar þessarar hækkunar á lágmarki refsivistar sé ekki jafnríkt tilefni og áður fyrir því skilyrði að eftirstöðvar refsítíma megi ekki vera skemmri en 30 dagar. Þó unnt yrði að veita reynslulausn þegar dæmd fangelsisrefsing er skemmri en tveir mánuðir, verði fanga í öllu falli ekki veitt reynslulausn fyrr en hann hefur afplánað fangelsi í

minnst 15 daga, sem sé helmingur lágmarksrefsivistartíma. Með hliðsjón af þessu verði einnig talið að síður sé hætt við að það geti rýrt varnaðaráhrif refsinga þó þetta skilyrði reynslulausnar sé fellt úr gildi. Þá feli umrætt ákvæði í sér mismunun gagnvart föngum eftir tímalengd dæmdrar fangelsisrefsingar.

Í þriðja lagi voru þær breytingar gerðar á 40. gr. að reynslulausn verður ekki veitt ef hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn. Með þessari breytingu var lögfest órofa venjubundin framkvæmd, sem átti sér stoð í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um fullnustu refsídóma nr. 29/1993, en rétt þótti að kveða afdráttarlaust á um þetta í lögum. Þær röksemdir er þjuggu að baki þessari breytingu voru þær að með dómi hefði verið ákveðin refsing fyrir brot og refsingin væri ein og hin sama þótt tiltekin hluti hennar hefði verið skilorðsbundinn. Þegar hluti fangelsisrefsingar sé skilorðsbundinn hafi dómari hins vegar ákveðið að hvaða marki refsingin kemur til fullnustu og að hvaða marki fullnustu er frestað með skilyrðum. Þannig hafi fullnusta refsingarinnar þegar verið ákveðin, en heimild til að skilorðsbinda dóm séu hér rýmri en þegar fanga er veitt reynslulausn á hluta refsingar.

Í fjórða lagi var bætt við 40. gr. ákvæði um að reynslulausn verði ekki veitt þegar vararefsing fésektar er afplánuð. Var það meðal annars rökstutt með hliðsjón af skilyrðislausri skyldu til greiðslu sektar og þvingunareðli vararefsingar. Í framkvæmd hafi verið litið svo á að ekki væri heimilt að veita eftirgjöf á vararefsingu með reynslulausn. Auk þess fæli það í sér ákveðna mismunun að veita eftirgjöf á vararefsingu gagnvart þeim sem greiðir sekt sína af skilvísi án þess að eiga kost á nokkrum afslætti hennar. Samhliða þessu frumvarpi var flutt frumvarp til laga um breytingu á lögum um fangelsi og fangavist nr. 48/1988, þar sem heimilað var að vararefsing fésektar yrði afplánuð með samfélagsþjónustu, sbr. lög nr. 22/1999.

Með lögum nr. 24/1999 var 1. mgr. 42. gr. hgl. einnig breytt til samræmis við lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, þar sem eiginlegar dómsrannsóknir voru lagðar niður. Nú þarf rannsókn að hefjast hjá lögreglu gegn manni sem sakborningi fyrir lok reynslutíma svo að hann teljist hafa rofið skilyrði reynslulausnar, og er það í samræmi við orðalag 4. mgr. 82. gr. hgl. um rof á fyrningarfresti sakar. Að öðru leyti var 42. gr. breytt á þá leið að Fangelsismálastofnun tekur ákvörðun skv. 2. mgr. 42. gr. og felld var niður heimild stjórnvalds til að taka ákvörðun um að dómþoli taki út refsingu sem eftir stendur ef hann hefur rofið skilyrði reynslulausnar með því að fremja brot á almennum hegningarlögum á reynslutíma. Voru gerðar breytingar á 4. mgr. 42. gr. til samræmis ofangreindu.

Að öðru leyti voru ekki gerðar efnislegar breytingar á ákvæðum um reynslulausn.

### **3. NORRÆNT SAMSTARF UM REYNSLULAUSN**

Norræna refsilaganefndin hefur í tvígang sent frá sér nefndarálit varðandi reynslulausn. Fyrri álitargerðin var birt í Nordisk utredningsserie 3/1970, og fjallaði almennt um reynslulausn á Norðurlöndum. Álit þetta má einkum rekja til samvinnu landanna um gagnkvæma fullnustu refsidóma, sbr. lög nr. 69/1963 hér á landi, en þá var talið brýnt að samræma reglurnar um reynslulausn í norrænni refsilöggjöf. Þegar nefndin ákvað að taka mál þetta til athugunar árið 1964 var verulegur munur á reynslulausnarákvæðum landanna. Í álitargerðinni er gerð grein fyrir mismuninum á norrænum refsilögum á þessu sviði og settar fram hugmyndir og tilmæli nefndarinnar um breytingar á einstökum atriðum til samræmingar. Þegar nefndin skilaði áliti sínu árið 1969 höfðu öll Norðurlöndin, að Íslandi undanskildu, breytt ákvæðunum til samræmis við tillögur nefndarinnar. Íslensku hegningarlagaákvæðunum var síðan breytt með lögum nr. 16/1976.

Í seinni álitargerð nefndarinnar, er birt var í Nordisk utredningsserie A 1978:6, var meðal annars fjallað um lækkingu lágmarksafplánunartímans úr fjórum mánuðum í að lágmarki tvo mánuði. Í álitargerðinni koma einnig fram vangaveltur um hvort afnema eigi heimildir til veitingu reynslulausnar til að koma til móts við óskir um jafnræði, samræmi og forsagnarhæfni í refsifullnustu og stefna frekar að því að refsingar verði vægari.

Ljóst er að þrátt fyrir að lagaákvæði um reynslulausn hafi verið um margt mjög svipuð á Norðurlöndunum í upphafi áttunda áratugarins hefur framkvæmd reynslulausnar að vissu leyti þróast í mismunandi áttir. Lengi vel var reynslulausn ekki eins fastur liður í fullnustu refsidóma hér á landi eins og á hinum Norðurlöndunum að því leyti að mun færri fangar fengu reynslulausn. Náðun var mun algengari í framkvæmd hér á landi ólíkt því sem tíðkaðist í grannlöndunum. Var það m.a. hvatinn að lögum nr. 16/1976, þar sem talið var að ákvæðin um reynslulausn veittu ekki nægilegt svigrúm þar sem þau hefðu bundið hendur stjórnvalda um of.

### **4. NORRÆN LÖGGJÖF**

#### **A. Danmörk**

Dönsk ákvæði um reynslulausn eru að mörgu leyti svipuð þeim íslensku. Ákvæði um reynslulausn er annars vegar að finna í 38. - 42. gr. dönsku

hegningarlaganna og hins vegar í 79. - 88. gr. laga um fullnustu refsinga (Lov om fuldbyrdelse af straf mv. nr. 432 af 31. maj 2000).

Samkvæmt 38. gr. hgl. er það dómsmálaráðherra eða þar til bært stjórnvald sem tekur ákvörðun um það hvort fangi skuli látinn laus til reynslu. Ákvörðun um reynslulausn er því stjórnvaldsákvörðun. Í framkvæmd er það forstöðumaður fangelsis sem tekur ákvörðun um reynslulausn, nema þegar dæmd refsing er 8 ára fangelsi eða lengri eða þegar beðið er um reynslulausn þegar helmingur refsitímans er afplánaður en í slíkum tilvikum er það fangelsismálastofnun (Kriminalforsorgen) sem tekur ákvörðun um reynslulausn.

Samkvæmt 1. mgr. fyrrnefnds ákvæðis má veita reynslulausn þegar fanginn hefur afplánað 2/3 hluta refsitímans en þó eigi fyrir en að lokinni tveggja mánaða refsivist. Í 2. mgr. 38. gr. er sú undantekningarregla, að heimilt er að veita reynslulausn, ef sérstakar aðstæður mæla með því, þegar fangi hefur afplánað helming refsitímans, en þó minnst tvo mánuði. Ákvæði þessu er sjaldan beitt í framkvæmd en helst í þeim tilvikum þegar sérstök mannúðar og/eða meðferðarsjónarmið eiga við.

Í 3. mgr. 38. gr. hgl. kemur fram sú meginregla að almennt er ekki heimilt að veita reynslulausn ef fangi á eftir að afplána 30 daga eða skemmri tíma af refsitímanum. Samkvæmt 79. gr. dönsku fullnustulaganna ber að taka ákvörðun um reynslulausn áður en fangi hefur afplánað 2/3 hluta refsitímans að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Þegar hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn er óheimilt að veita reynslulausn. Sama gildir um afplánun vararefsingar fésekta. Það er skilyrði reynslulausnar að dómþoli gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma. Þá skal gæta þess að honum sé vís hentugur samastaður og vinna eða önnur kjör sem nægja honum til framfærslu. Að öðrum kosti skal reynslulausn ekki veitt. Reynslutími skal vera allt að þremur árum. Ef fanginn á óafplánað fangelsi lengra en þrjú ár má ákveða honum reynslutíma allt að fimm árum. Heimilt er að binda reynslulausn því skilyrði að dómþoli sé háður umsjón og eftirliti allan eða nánar tiltekinn hluta reynslutímans. Enn fremur má binda reynslulausn þeim skilyrðum, nokkrum eða öllum sem greinir í 57. gr. hgl. Skilyrði um vistun á hæli, sjúkrahúsi eða annarri stofnun getur þó eigi staðið lengur en til loka refsitímans.

Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. dönsku hgl. fjallar dómstóll um skilorðsrof sem framin eru með nýju broti og er ákvæði þetta efnislega samhljóða 1. mgr. 42. gr. íslensku hgl. Samkvæmt 2. mgr. 40. gr. dönsku hgl. fjallar dómsmálaráðherra um rof á sérstökum skilyrðum reynslulausnar og hefur hann um þrjár leiðir að velja: Í fyrsta lagi að veita dómþola áminningu, í öðru lagi að breyta skilyrðum eða lengja



reynslutíma innan marka 39. gr. og í þriðja lagi er heimilt að ákveða, við sérstakar aðstæður, að dómþoli afpláni eftirstöðvar refsitímans. Afar fátítt er að síðastgreindu úrræði sé beitt í framkvæmd. Fremji dómþoli nýtt brot á reynslutímanum, án þess að hann sé ákærður fyrir það, er heimilt að beita 2. mgr. 40. gr. hgl., þ.e. að dómsmálaráðherra taki ákvörðun um úrræði, hugsanlega um afplánun eftirstöðva. Sama gildir, ef dómþoli á reynslulausn er dæmdur erlendis fyrir refsivert brot, framið á reynslutíma, án þess að í dómnum sé tekin afstaða til skilorðsrofanna.

Sérstaklega er tekið fram í 4. mgr. 40. gr. að ákvarðanir um úrræði við skilorðsrofum sem ráðherra tekur samkvæmt 2. og 3. mgr. 40. gr. verði að taka innan loka reynslutíma.

Í 86. gr. dönsku fullnustulaganna kemur fram að fangelsismálastofnun skuli tilkynnt án tafar öll rof á skilyrðum reynslulausnar. Ef um brot á hinum sérstöku skilyrðum er að ræða kemur það í hlut fangelsismálastofnunar að ákveða hvaða afleiðingar brot dómþola hefur í för með sér. Tilkynni hann sig ekki samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun til fangelsismálastofnunar ber henni að tilkynna lögreglu um slíkt brot á skilyrðum reynslulausnar, og fara þess á leit við hana að hún hafi uppi á dómþola. Eftirlitsdeildir fangelsismálastofnunar skulu tilkynna öll slík brot þegar í stað til stofnunarinnar og þar er síðan tekin ákvörðun um afleiðingar þessa fyrir dómþola.

## **B. Finnland**

Meginreglan í finnskum rétti er sú, að heimilt er að veita reynslulausn eftir afplánun á 2/3 hluta refsitímans, en reynslulausn eftir afplánun á helmingi refsitímans er einnig heimil þegar sérstakar ástæður mæla með því. Í framkvæmd fá fangar almennt reynslulausn eftir afplánun helmings refsitíma þegar um fyrstu afplánun er að ræða. Ef um ungan brotaman er að ræða sem framið hefur afbrot sín áður en hann náði 21 árs aldri má veita honum reynslulausn eftir að hann hefur afplánað 1/3 hluta refsitímans. Þegar hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn er óheimilt að veita reynslulausn. Sama gildir um afplánun vararefsingar fésekta.

Ákvörðun um veitingu reynslulausnar er almennt tekin af forstöðumanni fangelsis. Ef veitingu reynslulausnar er frestað í meira en einn mánuð þá er það finnska fangelsismálastofnunin sem ein er bær um að taka ákvörðun um slíka frestun. Tiltekin agabrot í fangelsi og endurtekin ofbeldis- eða fíkniefnabrot geta haft þau áhrif

að frestað sé veitingu reynslulausnar, þótt tímaskilyrðum sé fullnægt, oftast í tvo mánuði.

Reynslutíminn skal alltaf vera jafnlangur eftirstöðvum refsingar, en þó aldrei lengri en þrjú ár. Fremji dómþoli nýtt brot á reynslutíma tekur dómstóll ákvörðun um hvort honum skuli gert að afplána eftirstöðvarnar. Um helmingur þeirra sem fá reynslulausn eru settir undir eftirlit finnsku fangelsismálastofnunarinnar, sem felst í því að viðkomandi þarf að hafa samband við stofnunina á fyrirfram ákveðnum dögum. Sérstök skilyrði sem heimilt er að setja dómþola fyrir reynslulausn eru ekki tæmandi talin í lögum. Rof á þeim skilyrðum geta leitt til þess að reynslutími verði lengdur eða viðkomandi verði látinn afplána eftirstöðvar refsingar.

## C. Noregur

Í Noregi eru réttarreglur varðandi reynslulausn í aðalatriðum mjög svipaðar og í Danmörku. Samkvæmt 42. gr. norsku fullnustulaganna er reynslulausn almennt veitt þegar fangi hefur afplánað 2/3 hluta refsitímans. Er slík reynslulausn ekki veitt sjálfkrafa heldur skal ákvörðunin byggja á heildstæðri athugun hverju sinni. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að veita reynslulausn eftir helmingsafplánun, en það er mjög fátítt í framkvæmd. Það er alltaf skilyrði að fangi hafi afplánað að lágmarki tvo mánuði af refsitímanum þegar hann fær reynslulausn og hún verður almennt ekki veitt ef eftirstöðvar refsivistar eru skemmri en 14 dagar. Samkvæmt 4. mgr. 42. gr. er heimilt í undantekningartilvikum að veita fanga reynslulausn fyrr en ofangreindar reglur mæla fyrir um. Í Noregi er það forstöðumaður fangelsis sem tekur ákvörðun um reynslulausn nema þegar dæmd refsing er lengri en 10 ár eða fangi er vistaður á öryggisdeild en í slíkum tilvikum tekur forstjóri svæðisskrifstofu ákvörðun um reynslulausn.

Reynslulausn hefur verið töluvert til umræðu í Noregi og fram hafa komið tillögur þess efnis að gera helmingaregluna að meginreglu. Norska hegningarlaganefndin hefur lagst gegn slíkum tillögum og hefur talið betri kost að stuðla að því að dæmdar verði vægari refsingar í stað þess að lögleiða almenna helmingareglu í þeim tilgangi að draga úr notkun refsivistar.

Þegar hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn er óheimilt að veita reynslulausn. Sama gildir um afplánun vararefsingar fésekta. Það er skilyrði reynslulausnar að dómþoli gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma. Samkvæmt 5. mgr. 42. gr. fullnustulaganna skal ekki veita reynslulausn ef slíkt þykir óráðlegt vegna haga fangans. Í því felst að gæta skal þess að fanganum sé vís

hentugur samastaður og vinna eða önnur kjör sem nægja honum til framfærslu. Heimilt er að binda reynslulausn því skilyrði að dómþoli sé háður umsjón og eftirliti allan eða nánar tiltekinn hluta reynslutímans. Þá er heimilt að setja sérstök skilyrði fyrir reynslulausninni og eru þau mjög svipuð þeim dönsku. Ef dómþoli brýtur gegn hinum sérstöku skilyrðum kemur það í hlut fangelsismálastofnunar að ákveða hvaða afleiðingar brot hans hefur í för með sér. Meginreglan er sú að við fyrsta brot er honum veitt áminning og ítarlega er farið yfir með honum hvaða afleiðingar frekari brot geti haft í för með sér. Þá er heimilt að setja dómþola frekari skilyrði fyrir reynslulausninni. Brjótí hann gegn skilyrðunum á ný er stofnuninni heimilt að skjóta málinu til dómstóla og krefjast þess að hann afpláni eftirstöðvarnar að hluta eða að fullu í fangelsi.

## **D. Svíþjóð**

Í 26. kafla sænsku hegningarlagna (Brottsbalken) er að finna reglur um reynslulausn. Þær eru að mestu í samræmi við ákvæðin um reynslulausn í norskum og dönskum rétti. Meginreglan skv. 6. gr. kaflans er sú að skylt er að veita reynslulausn þegar fanginn hefur afplánað 2/3 hluta refsitímans að því skilyrði uppfylltu að hann hafi afplánað einn mánuð í fangelsi.

Framangreind regla um veitingu reynslulausnar að afplánuðum 2/3 hlutum refsitímans hefur lengst af verið meginregla frá því að ákvæði um reynslulausn voru lögfest í Svíþjóð árið 1906. Á árunum í kringum 1970 fór framkvæmdin hins vegar að þróast í þá átt að sífellt fleiri fangar fengu reynslulausn eftir helmingsafplánun, sem þó átti aðeins að eiga sér stað í undantekingartilvikum samkvæmt þágildandi lagaákvæðum. Reglur voru þó ekki fastmótaðar um hvenær veita skyldi reynslulausn eftir helming refsitíma og hvenær eftir 2/3 hluta, en það var fangelsismálastofnunin sem tók ákvörðun um reynslulausn. Fór það meðal annars eftir grófleika brota, aldri fanga og lengd dóma. Var framkvæmdin gagnrýnd mjög þar sem hún þótti mismuna föngum og varð afleiðingin sú að ákvæðunum var breytt árið 1983. Með þeirri breytingu var helmingareglan gerð að aðalreglu, en fangar sem dæmdir höfðu verið í minnst tveggja ára fangelsi fyrir mjög alvarleg brot og þeir fangar sem óskuðu eftir frestun á veitingu reynslulausnar fengu ekki reynslulausn fyrr en eftir að hafa afplánað 2/3 refsitímans.

Í álitsgerð sænskrar fangelsisrefsinefndar (fängelsesstraffkommittén) frá árinu 1986 var lagt til að skylt yrði að veita öllum föngum reynslulausn að afplánuðum 2/3 hlutum refsitímans og að lágmarksafplánunartími yrði lækkaður niður í einn mánuð.

Með því fyrirkomulagi væri unnt að veita reynslulausn af öllum fangelsisdómum. Til þess að koma í veg fyrir að afplánunartími í fangelsum lengdist við þessa breytingu voru refsímörk ýmissa lagaákvæða lækkuð, hlutur sektarrefsinga aukinn og ný refsíúrræði tekin upp. Samkvæmt sænsku hegningarlögunum er nú ekki heimilt að dæma til lengri tímabundinnar fangelsisvistar en 10 ára. Árið 1998 voru sænsku reynslulausnarreglurnar endurskoðaðar, m.a. með hliðsjón af framangreindri álitserð, og er nú ekki lengur heimilt að veita reynslulausn á helmingi. Í Svíþjóð gilda sambærilegar reglur og í Danmörku, Finnlandi og Noregi um það að forstöðumaður fangelsis tekur ákvörðun um agabrot í fangelsum. Meiriháttar brot fara hins vegar til ákvörðunar hjá fangelsismálastofnuninni. Ef fangi gerist sekur um agabrot eða brýtur gegn sérstökum skilyrðum er honum voru sett í fangelsisvistinni er fangelsismálayfirvöldum heimilt að fresta veitingu reynslulausnar um allt að 15 dögum fyrir hvert brot. Ef fangi hefur ekki gerst sekur um nein agabrot fær hann sjálfkrafa reynslulausn að afplánuðum 2/3 hluta refsitímans.

Þegar hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn er óheimilt að veita reynslulausn sem og af vararefsingu fésekta. Það er enn fremur skilyrði reynslulausnar að dómþoli gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma.

Árið 2001 var tekin upp sú nýjung, að fjórum mánuðum áður en fangar eiga rétt á reynslulausn á 2/3 hlutum refsitímans, geta þeir sótt um að sæta sérstöku eftirliti á heimili sínu með rafrænum ökklaböndum. Er eftirlit með þeim sem fá slíka heimild mjög strangt.

Í Svíþjóð gilda sérstakar reglur um reynslulausn fyrir þá sem dæmdir eru í ævilangt fangelsi. Þegar slíkur fangi hefur setið a.m.k. 10 ár í fangelsi má leggja fyrir dóm til ákvörðunar hvort honum verði veitt reynslulausn. Sé slíkri beiðni synjað er hægt að endurnýja beiðni að ári liðnu.

## **5. GILDANDI ÁKVÆÐI UM REYNSLULAUSN**

Áður en fjallað verður um gildandi framkvæmd þykir rétt að taka hér upp gildandi ákvæði um reynslulausn, þ.e. ákvæði 40. – 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 24/1999 og 5. gr. reglugerðar um fullnustu refsidóma nr. 29/1993 þar sem fjallað er um veitingu reynslulausnar.

40. gr. er svohljóðandi:

„Þegar fangi hefur afplánað 2/3 hluta refsitímans getur Fangelsismálastofnun ríkisins ákveðið að fanginn skuli látinn laus til reynslu.

Reynslulausn má þó veita, ef sérstaklega stendur á, þegar liðinn er helmingur refsitímans.

Reynslulausn verður ekki veitt ef slíkt þykir óráðlegt vegna haga fangans, enda skal honum vís hentugur samastaður og vinna eða önnur kjör sem nægja honum til framfærslu. Yfirlýsing hans skal og fengin um að hann vilji hlíta þeim skilyrðum sem sett eru fyrir reynslulausn.

Þegar fangi fær lausn til reynslu skal afhenda honum skírteini er greini skilyrði fyrir reynslulausn og hverju skilorðsrof varði.

Þegar hluti fangelsisrefsingar er óskilorðsbundinn en hluti skilorðsbundinn verður reynslulausn ekki veitt. Sama gildir þegar fangi afplánar vararefsingu fésektar.”

#### 41. gr. er svohljóðandi:

„Reynslutími skal vera allt að 3 árum. Nú er óafplánað fangelsi lengra en 3 ár, og má þá ákveða reynslutíma allt að 5 árum.

Það er skilyrði reynslulausnar að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutíma. Ákveða má að reynslulausn skuli vera bundin því skilyrði að aðili sé háður umsjón og eftirliti Fangelsismálastofnunar ríkisins eða annars aðila sem hún ákveður, allan eða nánar tiltekinn hluta reynslutímans. Enn fremur má binda reynslulausn þeim skilyrðum, nokkrum eða öllum, sem greinir í 3. mgr. 57. gr. Skilyrði um vistun á hæli getur þó eigi staðið lengur en til loka refsitímans.

Fangelsismálastofnun ríkisins tekur ákvarðanir skv. 1. og 2. mgr. og getur vegna breyttra ástæðna fellt skilyrði niður að nokkru leyti eða öllu.”

#### 42. gr. er svohljóðandi:

„Nú fremur aðili nýtt brot eftir að hann hlýtur reynslulausn og rannsókn hefst hjá lögreglu gegn honum sem sakborningi fyrir lok reynslutíma, og ákveður þá dómstóll sem fjallar um mál þetta refsingu í einu lagi fyrir brot það sem nú er dæmt um og svo með hliðsjón af fangelsisrefsingu sem óafplánað er samkvæmt reglum 60. gr. þannig að fangelsi samkvæmt eldra dómi er virt með sama hætti og skilorðsdómur.

Rjúfi aðili skilorð að öðru leyti getur Fangelsismálastofnun ríkisins ákveðið hvort breytt skuli skilyrðum og reynslu- og/eða tilsjónartími lengdur allt að lögmaeltu hámarki hans eða að aðili taki út refsingu sem eftir stendur.

Nú er ekki tekin ákvörðun um að aðili afpláni fangelsisrefsingu sem hann átti ólokið, sbr. 1. og 2. mgr., og telst refsingu þá fullnægt á því tímamarki sem aðili fékk reynslulausn.

Nú er ákveðið að láta aðila taka út eftirstöðvar fangelsisrefsingar, sbr. 2. mgr., og má þá veita reynslulausn á ný þótt eigi sé fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr. 40. gr. Í þessu tilviki gilda ákvæði 41. gr. um reynslutíma en þó þannig að dreginn skal frá sá tími sem hann hefur notið reynslulausnar áður.

Nú er aðili sem sætt hefur nokkrum hluta fangelsisrefsingar náðaður skilorðsbundið, og er þá heimilt að setja honum þau skilyrði að hann hlíti ákvæðum 1. – 4. mgr.”

#### 5. gr. reglugerðar um fullnustu refsidóma er svohljóðandi:

„Að jafnaði verður fanga ekki veitt reynslulausn ef ólokið er í refsivörslukerfinu máli á hendur honum þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi.

Fanga verður ekki veitt reynslulausn af blönduðum skilorðsdómi. Þó er unnt að víkja frá því ef sá dómur er síðastur í fullnusturöð fleiri dóma og öll refsing dómsins rúmast innan tímaskilyrða 1. og 2. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga. Heimilt er að veita fanga reynslulausn þó blandaður skilorðsdómur sé meðal þeirra dóma sem hann afplánar, enda sé þeim dómi haldið utan útreiknings á tímaskilyrðum 1. og 2. mgr. 40. gr. almennra hegningarlaga.

Að jafnaði verður fanga ekki veitt reynslulausn þegar liðinn er helmingur refsitímans, ef hann afplánar refsingu fyrir manndráp, ofbeldis- eða kynferðisbrot, meiriháttar fíkniefnabrot, brennu eða annað almennt hættubrot, rán, eða annað afbrot sem er sérlega gróft nema sérstakar ástæður mæli með, þ.m.t. lengd refsingar, persónulegar aðstæður og framúrskarandi hegðun í refsivistinni.

Að jafnaði verður fanga ekki veitt reynslulausn þegar liðinn er helmingur refsitímans, ef hann hefur áður afplánað óskilorðsbundnar refsingar tvívegis eða oftar, nema sérstakar ástæður mæli með, þ.m.t. lengd dómsins, persónulegar aðstæður og framúrskarandi hegðun í refsivistinni, eða að mörg ár eru liðin frá síðustu afplánun.

Að jafnaði verður fanga ekki veitt reynslulausn ef hann telst vera síbrotamaður eða honum hefur ítrekað áður verið veittar reynslulausnir og rofið skilyrði þeirra, nema alveg sérstaklega standi á.

Reynslulausn verður ekki veitt ef slíkt þykir að öðru leyti óráðlegt vegna haga fangans.

Nú hefur dómþoli ekki hafið afplánun og er þá allt að einu heimilt að veita honum reynslulausn af refsingunni, ef hann hefur áður afplánað a.m.k. jafnlanga refsingu, og refsingin er einvörðungu vegna afbrota sem framin eru fyrir þá afplánun og hann hefur ekki verið dæmdur fyrir afbrot framin eftir að þeirri afplánun lauk og öðrum skilyrðum um veitingu reynslulausnar er fullnægt.”

## **6. MEÐFERÐ BEIÐNA UM REYNSLULAUSN**

Hjá Fangelsismálastofnun ríkisins er afgreiðslu reynslulausnarbeiðna þannig háttað að þegar beiðni berst frá fanga um reynslulausn er fyrst kannað hvenær tímaskilyrði 1. og 2. mgr. 40. gr. hgl. eru uppfyllt, þ.e. hvenær fanginn hefur afplánað tvo þriðju hluta eða helming refsingarinnar. Þá er fengið sakavottorð og kannað hvort hann eigi ólokið málum í refsivörslukerfinu. Því næst er tekið saman skriflegt yfirlit þar sem m.a. er gerð grein fyrir beiðni fangans, hvaða refsingu hann er að afplána og fyrir hvaða afbrot. Þá er fjallað um sakarferil fangans, hvort og hversu oft hann hefur afplánað refsingu áður og lýst persónulegum aðstæðum hans. Loks gerir sá starfsmaður sem undirbýr afgreiðslu málsins tillögu um afgreiðslu þess. Á vikulegum fundi þar sem allt að 6 starfsmenn Fangelsismálastofnunar eru mættir eru málin og tillögurnar ræddar. Í framhaldi af þeirri umræðu tekur forstjóri síðan ákvörðun um afgreiðslu erindisins. Í einstaka tilvikum er málum frestað til frekari gagnaöflunar.

Þegar meira en þrjú mánuðir eru að þeim tímamörkum að reynslulausn komi til álita er beiðni synjað að svo stöddu og fanga leiðbeint um hvenær hann geti sótt um reynslulausn að nýju.

Þegar um er að ræða erlenda ríkisborgara, sem vísa á úr landi, hefur Fangelsismálastofnun oft frumkvæði að því að þeir sækji um reynslulausn. Í slíkum tilvikum er jafnframt höfð samvinna við Útlendingastofnun og kannað hvort ákvörðun um brottvísun liggi fyrir. Jafnframt er í þessum tilvikum haft samráð við alþjóðaskrifstofu ríkislögreglustjórans um tímasetningu og fyrirkomulag brottvísunar.

Þar sem það er meginregla að fanga er synjað um reynslulausn ef hann á mál til meðferðar í refsivörslukerfinu er hann í upphafi afplánunar spurður um hvort svo sé og oft er hann aðstoðaður við að fá málið tekið fyrir og það afgreitt til að það útiloki ekki möguleika hans á reynslulausn.

Af þeim sem afplána fangelsisrefsingu fá um 60% reynslulausn en um 40% afplána refsingu sína að fullu. Algengustu ástæður þess að menn fá ekki reynslulausn eru óafgreidd mál og að viðkomandi teljist síbrotamaður. Í þessu sambandi teljast menn almennt ekki síbrotamenn fyrr en þeir hafa sætt afplánun í sjö skipti og oft hafa þeir einnig ítrekað rofið skilorð reynslulausnar. Einstaka sinnum er föngum synjað um reynslulausn á þeirri forsendu að það teljist óráðlegt vegna haga fangans, sbr. 3. mgr. 40. gr. hgl.

Ákvarðanir Fangelsismálastofnunar um reynslulausn má kæra til dómismálaráðherra, og lætur náðunarnefnd, sem starfar skv. 32. gr. laga um fangelsi og fangavist nr. 48/1988, ráðherra í té rökstudda tillögu um afgreiðslu reynslulausnarbeiðna. Síðastliðin ár hafa 12 – 13 kærur borist nefndinni á ári vegna synjunar Fangelsismálastofnunar um reynslulausn. Oftast hefur verið lagt til að ákvarðanir stofnunarinnar verði staðfestar.

## **7. EFTIRLIT MEÐ ÞEIM SEM ERU Á REYNSLULAUSN**

Samkvæmt 41. gr. hgl. ber að setja það skilyrði fyrir reynslulausn að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á reynslutímanum. Auk þess er það meginregla samkvæmt heimild í sömu lagagrein að setja það skilyrði fyrir reynslulausn að aðili sæti á reynslutímanum umsjón og eftirliti af hálfu Fangelsismálastofnunar ríkisins og hlíti fyrir mælum hennar.

Sá starfsmaður stofnunarinnar, sem sinnir eftirlitinu, heimsækir fangelsin reglulega og veitir viðtöl þeim er þess óska. Segja má að þarna sé lagður grunnur að tengslum sem síðar verða styrkt þegar dómþola hefur verið veitt reynslulausn og hann sætir umsjón og eftirliti stofnunarinnar.

Þegar ákveðið hefur verið að veita fanga reynslulausn birtir fulltrúi Fangelsismálastofnunar honum skírteini þar sem fram koma skilyrði fyrir veitingu reynslulausnar og útskýrir þau. Um er að ræða tvenns konar skilyrði eins og áður segir þ.e. „..., að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á skilorðstímanum” og hins vegar valkvætt skilyrði, sem reyndar er, eins og staðan er í dag, forsenda allra reynslulausna er Fangelsismálastofnun veitir, þ.e.: „Að aðili sæti á skilorðstímanum umsjón einstakra manna, félags eða stofnunar...”. Eins eru stundum önnur skilyrði sett fyrir veitingu reynslulausnar og er þá oftast talað um þau sem sérskilyrði. Algengasta

sérskilyrðið er það að dómþoli neyti hvorki áfengis né deyfilyfja á reynslutímanum. Lengd skilorðstímans getur verið allt frá einu ári upp í þrjú ár, en lengdin ákvarðast af eftirstöðvum refsingar dómþola. Þegar óafplánaðar eftirstöðvar eru lengri en þrjú ár má reynslutími vera allt að 5 árum.

Eftir að skilyrði fyrir veitingu reynslulausnar hafa verið kynnt fyrir dómþola samþykkir hann þau með undirritun sinni. Þá eru persónuhagir hans kannaðir með það fyrir augum að fá nákvæmar upplýsingar um aðsetur, vinnustað og fjölskylduhagi sem og félagslega stöðu almennt. Væntingar dómþola til lífsins utan fangelsis eru einnig ræddar. Í lokin er lögð áhersla á að hann setji sig í samband við stofnunina eftir að afplánun lýkur til að fá tíma fyrir viðtal.

Í fyrsta viðtali sem fer fram í Fangelsismálastofnun eru lagðar línurnar um hvernig eftirliti verði hagað, þ.e.a.s. eftirlitið mótast með tilliti til hvers og eins, eftir því hvar hann stendur félagslega, hver brotaferill hans er o.s.frv. Fyrir fyrsta viðtalið hafa sérfræðingar stofnunarinnar oft haft samráð sín á milli um málið. Eftirlit og stuðningur sem á sér stað í kjölfarið getur verið þannig að dómþoli kemur í viðtöl reglulega, hittir sálfræðing stofnunarinnar eða hefur símasamband mánaðarlega, en hið síðastnefnda er lágmarkseftirlit sem ætlast er til af öllum sem standa í þessum sporum.

Áhersla er lögð á að stofnunin bjóði stuðning og leiðbeini skjólstæðingum sínum áfram til annarra ef þeir óska þess. Þá er og samstarf við aðrar stofnanir þáttur í eftirlitsstarfinu, svo sem við lögreglu og meðferðarstofnanir svo fátt eitt sé nefnt. Er unnið að því að efla þetta samstarf enn frekar í þágu skjólstæðinga stofnunarinnar.

Þá er reglubundin könnun á því hvort dómþoli hefur verið sakaður um refsiverðan verknað.



## 8. TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

<b>Fj sem losna úr fangelsi</b>	<u>1996</u>		<u>1997</u>		<u>1998</u>		<u>1999</u>		<u>2000</u>		<u>2001</u>		<u>2002</u>		<u>2003</u>	
	317		223		174		156		138		157		160		208	
<b>Umsóknir um rl á 1/2</b>	<u>1996</u>		<u>1997</u>		<u>1998</u>		<u>1999</u>		<u>2000</u>		<u>2001</u>		<u>2002</u>		<u>2003</u>	
	203		144		124		85		83		103		139		180	
<b>Umsóknir um rl á 2/3</b>	69		64		55		73		53		65		70		75	
<b>Samtals:</b>	<b>272</b>		<b>208</b>		<b>179</b>		<b>158</b>		<b>136</b>		<b>168</b>		<b>209</b>		<b>255</b>	
<b><u>Veittar rl innan árs</u></b>	<u>1996</u>	<u>%</u>	<u>1997</u>	<u>%</u>	<u>1998</u>	<u>%</u>	<u>1999</u>	<u>%</u>	<u>2000</u>	<u>%</u>	<u>2001</u>	<u>%</u>	<u>2002</u>	<u>%</u>	<u>2003</u>	<u>%</u>
Þegar 1/2 er liðinn	96	58,2	59	43,4	51	51,0	33	33,0	47	54,0	42	42,4	72	61,0	69	54,3
Þegar 2/3 er liðinn	69	41,8	77	56,6	49	49,0	67	67,0	40	46,0	57	57,6	46	39,0	58	45,7
<b>Samtals:</b>	<b>165</b>	<b>100,0</b>	<b>136</b>	<b>100,0</b>	<b>100</b>	<b>100,0</b>	<b>100</b>	<b>100,0</b>	<b>87</b>	<b>100,0</b>	<b>99</b>	<b>100,0</b>	<b>118</b>	<b>100,0</b>	<b>127</b>	<b>100,0</b>
<b><u>Reynslulausnir rofnar</u></b>	<u>1996</u>	<u>%</u>	<u>1997</u>	<u>%</u>	<u>1998</u>	<u>%</u>	<u>1999</u>	<u>%</u>	<u>2000</u>	<u>%</u>	<u>2001</u>	<u>%</u>	<u>2002</u>	<u>%</u>	<u>2003</u>	
Rofnar (1/2)	10		8		10		5		4		4		3		4	
Rofnar (2/3)	18		19		8		15		8		10		7		0	
<b>Samtals:</b>	<b>28</b>	<b>16,9</b>	<b>27</b>	<b>19,8</b>	<b>18</b>	<b>18,0</b>	<b>20</b>	<b>20,0</b>	<b>12</b>	<b>13,7</b>	<b>14</b>		<b>10</b>		<b>4</b>	

## 9. NIÐURSTÖÐUR NEFNDARINNAR

Reynslulausn er viðurkennt refsigæsluúrræði hér á landi og í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Á tímabilinu 1996 - 2000 var um 62% fanga veitt reynslulausn hér á landi af þeim sem um hana sóttu. Helstu ástæður fyrir synjunum reynslulausna eru þær að fangi á ólokinn mál í refsivörslukerfinu og/eða hann telst síbrotamaður, sbr. 1. og 5. mgr. reglugerðar um fullnustu refsídóma nr. 29/1993. Synjanir með vísan til haga fangans, sbr. 6. mgr. 5. gr., eru fátíðar.

Á hinum Norðurlöndunum er ákvörðun um reynslulausn yfirleitt tekin af forstöðumanni fangelsis, en í undantekningartilvikum af stofnunum sambærilegum við Fangelsismálastofnun ríkisins. Í Svíþjóð tekur dómstóll ákvörðun um reynslulausn þeirra sem dæmir eru í ævilangt fangelsi. Þar er það lögbundið að veita skuli öllum fögnum reynslulausn eftir að þeir hafa afplánað 2/3 hluta refsingarinnar.

Með hliðsjón af könnun nefndarinnar á veittum reynslulausnum og tíðni reynslulausnarrofa á árunum 1996-2003, samanburði á norrænni löggjöf og íslenskri sem og samanburði á framkvæmd hér á landi og á hinum Norðurlöndunum við veitingu reynslulausna, telur nefndin ekkert fram komið sem kallar á breytingu á þann veg, að það verði hlutverk dómara að ákveða hvort fangi skuli látinn laus til reynslu, í stað Fangelsismálastofnunar ríkisins. Er það mat nefndarinnar að sú tilhögun sem nú er höfð við ákvörðun um veitingu reynslulausna hafi ýmsa kosti umfram þá leið að dómari taki ákvörðunina, auk þess sem nógildandi fyrirkomulag hefur gefist vel, framkvæmdin er í föstum skorðum og sátt ríkir um hana. Nefna má eftirgreinda kosti við nógildandi framkvæmd umfram dómstólaleiðina:

- Starfsmenn Fangelsismálastofnunar þekkja til fanga, hver ferill þeirra er og hvernig afplánunin hefur gengið fyrir sig hvað varðar hegðun í fangelsinu o.fl. Dómari þekkir ekki til haga fanga frá fyrstu hendi. Skýrslur til dómstóla með upplýsingum um fanga gefa ekki eins góða mynd af stöðu þeirra og ferli.
- Fangelsismálastofnun sér um afplánun refsinga. Reynslulausn er eðlilegt framhald afplánunar og af þessu leiðir einnig að stofnunin er vel í stakk búin til að meta hvað hentar fögnum.
- Ákvörðun Fangelsismálastofnunar um reynslulausn er stjórnvaldsákvörðun sem fer eftir stjórnsýslulögum. Fangar hafa málskotsrétt til dómsmálaráðuneytisins. Telja verður því að réttaröryggi þeirra sé tryggt, ekki síður en ef dómstólar tækju ákvörðunina.
- Meðferð reynslulausnarbeiðna er almennt hraðvirk og hefur ekki í för með sér mikinn kostnað.

- Samkvæmt lögum nr. 48/1988 er samfélagsþjónusta sem Fangelsismálastofnun veitir, fyrirkomulag á fullnustu óskilorðsbundins fangelsis. Óumdeilt er að reynslulausn er liður í fullnustu refsídóma. Þar sem veiting samfélagsþjónustu heyrir undir Fangelsismálastofnun sem fullnustu refsídóms, er eðlilegt að reynslulausn geri það líka.

Þá telur nefndin að núverandi fyrirkomulag um ákvörðun reynslulausnar sé í fullu samræmi við 2. gr. stjórnarskrárinnar um þrískiptingu ríkisvaldsins. Dómstólar dæma til fangelsisrefsingar lögum samkvæmt og Fangelsismálastofnun sér um að fullnusta refsingarnar. Það er áratuga hefð fyrir því að fullnustuaðilar geti veitt dómþolum eftirgjöf á hluta fangelsisrefsingar að ákveðnum ströngum skilyrðum fullnægðum. Slík eftirgjöf er eðlilegur þáttur í refsifullnustunni.

Hlutfall þeirra sem fremja brot á meðan á reynslulausnartíma stendur er nokkuð stöðugt frá ári til árs á því tímabili sem nefndin kannaði, eða um 18%. Með hliðsjón af því sem rakið var hér að framan um kosti og galla á dómstólaleiðinni og núgildandi fyrirkomulagi um veitingu reynslulausna, er vandséð að færri brotamenn muni rjúfa skilorð reynslulausnar með því að fremja ný brot á reynslutímanum, við það eitt að dómari taki ákvörðun um veitingu reynslulausna. Telur nefndin að ekki sé unnt að sýna fram á að neitt samhengi sé á milli þess hver tekur ákvörðun um reynslulausn og þess hve margir dómþolar rjúfa skilorð reynslulausnar með því að fremja ný brot á skilorðstímanum.

Með vísan til framanritaðs er niðurstaða nefndarinnar því sú að eðlilegt sé að Fangelsismálastofnun sjái áfram um veitingu reynslulausna.

Reykjavík, 26. febrúar 2004.

Sigríður J. Friðjónsdóttir

Jónas Jóhannsson

Ragnheiður Bragadóttir

Þorsteinn A. Jónsson

Jón Þór Ólason